

Fundargerð

3. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2020-2021 4. des. kl. 8:15 – í stofu 6 í Heppuskóla og á Teams

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Björn Sigfinnsson

Mættir: Birgir Fannar Reynisson, Helga Árnadóttir, Ída Mekkín Hlynadóttir, Eva Rán Raganarsdóttir, Heiður Sigurðardóttir, Björn Sigfinnsson og Þórgunnur Torfadóttir

Dagskrá

1. Ályktun frá skólaráði til umhverfis- og skipulagsnefndar Hornafjarðar

Efni: Umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á Höfn

Skólaráð Grunnskóla Hornafjarðar hvetur Sveitarfélagið Hornafjörð að fara af fullum þunga í áframhaldandi úrbætur á umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á Höfn. Unga fólkíð okkar er í meirihluta þeirra sem ganga eða hjóla til skóla og frístundastarfs. Þeir sem eldri eru mættu svo sannarlega taka vistvænan ferðamáta ungmenna til fyrirmyndar, en ekki síður ber þeim sem ábyrgð hafa á skipulagi og framkvæmdum að sjá til þess að umferðaröryggi sé eins og best verður á kosið hverju sinni. Í desember 2018 samþykkti bæjarstjórn Umferðaröryggisáætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2018 -2027. Í áætluninni er tekin saman aðgerðarlisti, þar sem yfirmarkið er að gangandi og hjólandi umferð verði í forgang í þéttbýlinu. Ánægjulegt er að sjá að eitthvað hefur verið framkvæmt af því sem á listanum en þörf er á að halda áfram. Skólaráð leggur sérstaklega áherslu á:

- Að umferðarhraði verði lækkaður við skólana.
- Gera greiða gönguleið frá göngustíg fyrir aftan N1 að Silfurbraut.
- Breyta Svalbarði og Tjarnarbrú í vistgötu.
- Ná niður hraða frá Sundlaug að enda íþróttasvæðis og gera gangbraut og gott aðgengi fyrir gangandi umferð frá Fiskhól.
- Bæta öryggi vegfarenda um Brautarholt, færa steypa vegginn.
- Gangbraut yfir Hafnarbraut við tjaldstæði
- Skoða þarf gangbrautir á algengum gönguleiðum, við Höfnina, við N1, við Heppuskóla/Fiskhól og Leiruhverfi, við ráðhús, við Kirkjubraut, Hæðargarð.

Eins má benda á að bættar merkingar og lýsing geta bætt umferðaröryggi.

Fræðsla, þjálfun og upplýsingagjöf til barnanna okkar er líka stór þáttur í forvörnum í umferðinni en hversu varkár og athugul sem börnin okkar eru þá er því miður ekki alltaf hægt að treysta á varkárni og athygli ökumanna. Bætt umferðarstýring, betri merkingar og

hraðatakmarkanir eru því m.a. nauðsynlegur þáttur í því að bæta umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á Höfn.

2. **Niðurstöður samræmdra prófa.** Nú eru normaldreifðu niðurstöðurnar komnar en það eru þær niðurstöður sem við notum til að bera saman ár og árganga sjá <https://gs.hornafjordur.is/media/annad/Samraemd-prof-2008-2020-h.pdf>. Hér kemur auk helstu niðurstaðna frekara niðurbrot á þeim.

1. Yngsta stig íslenska

Námsþættir ↑↓	Röðun	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
1.1. Yngsta stig íslenska: heild	11 af 41	31,4	22	6,3	-	30	4.043	1,4
1.2. Yngsta stig íslenska: lesskilningur	26 af 41	30,0	22	4,2	-	30	4.043	-0,1
1.3. Yngsta stig íslenska: málnotkun	5 af 41	33,0	22	7,7	-	30	4.043	3,0

2. Yngsta stig stærðfræði

Námsþættir ↑↓	Röðun	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
2.1. Yngsta stig stærðfræði: heild	3 af 41	33,6	24	8,7	-	30	4.109	3,6
2.2. Yngsta stig stærðfræði: reikningur og aðgerðir	10 af 41	31,8	24	4,7	-	30	4.109	1,8
2.3. Yngsta stig stærðfræði: rúmfræði	5 af 41	32,4	24	8,2	-	30	4.109	2,4
2.4. Yngsta stig stærðfræði: tölur og talnaskilningur	2 af 41	35,1	24	10,7	-	30	4.109	5,1

3. Miðstig íslenska

Námsþættir ↑↓	Röðun	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
3.1. Miðstig íslenska: heild	4 af 42	33,8	20	5,1	2,6	30	4.215	3,8
3.2. Miðstig íslenska: lesskilningur	4 af 42	34,6	20	5,5	3,3	30	4.215	4,6
3.3. Miðstig íslenska: málnotkun	13 af 42	31,0	20	3,2	0,0	30	4.215	0,9

4. Miðstig stærðfræði

Námsþættir ↑↓	Röðun	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
4.1. Miðstig stærðfræði: heild	12 af 41	30,8	20	2,7	-1,2	30	4.238	0,8
4.2. Miðstig stærðfræði: reikningur og aðgerðir	8 af 41	31,6	20	2,2	-2,2	30	4.238	1,6
4.3. Miðstig stærðfræði: rúmfræði	16 af 41	30,4	20	3,9	-0,7	30	4.238	0,4
4.4. Miðstig stærðfræði: tölur og talnaskilningur	20 af 41	29,6	20	1,3	0,3	30	4.238	-0,4

5. Unglingastig - íslenska

Námsþættir ↑↓	Röðun	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
5.1. Unglingastig íslenska: heild	6 af 35	32,1	21	8,0	-0,7	30	3.676	2,1
5.2. Unglingastig íslenska: lesskilningur	5 af 35	33,0	21	9,3	-3,7	30	3.676	3,0
5.3. Unglingastig íslenska: málnotkun	12 af 35	30,3	21	2,6	2,0	30	3.676	0,3

6. Unglingastig - stærðfræði


Námsþættir ↑↓	Röðun	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
6.1. Unglingastig stærðfræði: heild	5 af 35	32,1	23	6,8	0,8	30	3.686	2,1
6.2. Unglingastig stærðfræði: reikningur og aðgerðir	4 af 35	32,3	23	5,1	0,3	30	3.686	2,3
6.3. Unglingastig stærðfræði: rúmfræði	10 af 35	30,3	23	8,9	2,2	30	3.686	0,3
6.4. Unglingastig stærðfræði: hlutföll og prósentur	5 af 35	31,1	23	4,8	-	30	3.686	1,1
6.5. Unglingastig stærðfræði: algebra	4 af 35	33,1	23	4,3	-	30	3.686	3,1

7. Unglingastig - enska

Námsþættir ↑↓	Röðun	Einkunn	N	Breyting	Þróun árgangs	Landið	N	Mismunur
7.1. Unglingastig enska: heild	2 af 36	32,6	22	8,4	-	30	3.765	2,6
7.2. Unglingastig enska: lesskilningur	1 af 36	33,5	22	9,4	-	30	3.765	3,5
7.3. Unglingastig enska: málnotkun	9 af 36	30,1	22	5,2	-	30	3.765	0,1

- Niðurstöður skólaþings** – þann 19. nóvember var haldið skólaþing. Dregnar hafa verið saman niðurstöður þess sjá <https://gs.hornafjordur.is/media/annad/Nemendathing-Samantekt-1-.pdf> Þórgunnur fór yfir niðurstöðurnar og sagði m.a. frá rafrænni árshátíð hjá 4. - 6.bekk.
- Samstarf foreldra, samstarf heimilis og skóla og staða nemenda.** Eitt af stóru viðfangsefnum skólans síðustu ár hefur við að vinna gegn einelti og erfiðum samskiptum nemenda. Tvisvar til þrisvar á ári fara starfsmenn yfir félagslega stöðu nemenda bæði út frá þeirra eigin tilfinningu en bera hana líka saman við niðurstöður tengslakannana sem nemendur gera tvisvar á ári. Þrátt fyrir að skólinn komi betur út núna en fyrir nokkrum árum og samkvæmt samanburði við aðra skóla þá séum við á pari við þá teljum samt að við verðum að fara lengra og ná betri árangri. Það er líka mikið af öflugum foreldrum við skólann. Getum við nýtt þann hóp betur til að aðstoða okkur við að bæta stöðu nemenda? Hvernig gerum við það? Þurfa þeir meiri stuðning, fræðslu, hvatningur eða? Góðir hlutir gerast hægt en eru tækifæri þarna úti sem við getum nýtt betur? Hér fyrir neðan eru niðurstöður síðustu samantektar á stöðu nemenda skv. starfsmönnum.

Þórgunnur fór yfir niðurstöður og hvatti til að haldið yrði áfram að leita nýrra leiða til að bæta félagslega stöðu allra nemenda. Það væri mikilvægt að taka utan um þá sem minna mega sín í hópnum. Helga ræddi um hvort foreldrahópar innan hvers bekkjar gæti myndað stuðningsnet. Í 4. bekk hefur það skilað góðum árangri og einnig í fleiri bekkjum. Það væri mikilvægt að deila góðum hugmyndum og kynna og gott ef það kæmi innan úr foreldrahópnum en skólinn væri líka duglegur að styðja við og upplýsa. Rætt um að gera myndband og kynna þannig góðar hugmyndir frekar en að senda tölvupóst og Helga og Birgir tóku málið að sér.



5. **Staðan í skólanum út frá Covid-19.** Í skólanum hefur verið unnið samvisskusamlega eftir reglugerð menntamálaráðherra síðasta mánuðinn og allt gengið vel þó vissulega sé beðið eftir frekari afléttingu.

Í október tók Rannsókn og greining könnun meðal nemenda í 8. – 10. bekk til að reyna að meta ástandið hjá nemendum og hvaða áhrif Covid-19 hefði á líðan og hegðun. Hér <https://gs.hornafjordur.is/media/annad/Lykiltolur-2020-samanburdur.pdf> má sjá samanburð á lykiltölum hjá nemendum í GH frá í febrúar og núna í október. Þetta eru að sjálfsögðu ekki sömu árgangar sem verið er að spyrja og því verður líka skemmtilegt að sjá hvernig samanburðurinn verður við næstu könnun í febrúar 2021. Niðurstöður beggja kannana má sjá hér <https://gs.hornafjordur.is/stefna-og-aaetlun/sjalfsmat/ytrammat/>

Næsti fundur 8. janúar 2021